

Vitafélagið-Íslensk strandmenning

Skýrsla stjórnar 2018 Starfsárið 2017-2018

Helstu verkefni félagsins á liðnu starfsári voru:

Stjórnin hélt 9. stjórnarfundum (19. júlí, 9. ágúst, 24. ágúst, 5. september, 1. nóv., 13. des. 9. janúar, 30. janúar, 27. febrúar).

Spegill fortíðar – silfur framtíðar

Dagskrá spegilsins var að venju á sínum stað og fyrir jólin var umfjöllunar efnið **Konur og strandmenning** en eftir jólin var það **1918** og staða strandmennigar á því herrans ári.

Félagið datt í þann lukkupott að uppgötva að á Grandanum er Sjóstangaveiðifélag Reykjavíkur til húsa og hefur yfir að ráða prýðisgóðum fyrirlestrasal. Að vísu hafa sumir fyrirlesaranna verið svo vinsælir að fólk hefur þurft frá að hverfa, en geðillska veðurguðanna hefur þó almennt haldið fólki í hæfilegri fjarlægð þannig að salurinn hefur ágætlega rúmað gesti. Samstarf félagsins við forráðamenn Sjóstangaveiðifélagsins hefur einnig verið með miklum ágætum og yfir þjónustu þeirra er ekki nokkur leið að kvarta.

Eftirfarandi erindi voru flutt:

Konur og strandmenning

4. október 2017, kl. 20:00

Marsibil Erlendsdóttir, vitavörður: Vitavarsla á Dalatanga á síðari tímum.

Guðrún Arndís Jónsdóttir, stjórnarmaður í félaginu Konur í sjávarútvegi. Markmið félagsins og viðfagnsefni.

1. nóvember 2017, kl. 20:00

Inga Fanney Egilsdóttir, stýrimaður: Konan í brúnni. Inga saði frá upplifun sinni sem stýrimaður á far- og fiskiskipum.

Gunnhildur Hrólfsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur: „Þær þráðinn spunnu“. Konur í Vestmannaeyjum og hlutverk þeirra í samfélagi karla.

1918

Staða strandmenningar frá ólíkum sjónarhólum árið sem Ísland varð fullvalda ríki.

10. janúar 2018, kl. 20:00

Gunnar Þór Bjarnason, sagnfræðingur: Merkasta ár sögunnar? Lífskjör, áföll, fullveldi og siglingar á árinu 1918. Fjallað um aðstæður á Íslandi árið 1918, áhrif Kötlugosa og spænsku veikina). Einnig rætt um fullveldið og siglingar (millilandasiglingar og strandsiglingar).

7. febrúar, 2018, kl. 20:00

Kristján Sveinsson, sagnfræðingur: Og allt kom það með skipum. Skipar, vitar og hafnir á árinu 1918.

7. mars 2018, kl. 20:00 Margrét Guðmundsdóttir og Þórarinn Hjartarson, sagnfræðingur. Konur og fullveldið. Dagskrá í tali og tónum.

4. apríl, 2018 kl. 20:00 Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur: Sjávarsíðan í Reykjavík á fullveldisári. Fjallað um Reykjavíkurhöfn og þýðingu hennar fyrir bæinn og þjóðlífið. Einnig um Reykjavíkurslipp.

HAFIÐ, FJARAN OG FÓLKIÐ –

menningararfleifið, tækifæri og ógnir sjávarbyggða.

Árlegt málþing á landsbyggðinni var að þessu sinni haldið á Vopnafirði.

Málþing í safnaðarheimilinu Vopnafirði laugardaginn 20. maí kl 14:00

14:00-14.30 Kynning á Vitafélaginu-Íslensk strandmenning og Nordisk kustkultur – Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, gjaldkeri Vitafélagsins

14.30-15:00 Hin sérstaka saga hafnarinnar á Vopnafirði – Kristján Sveinsson, sagnfræðingur

15:00-15.30 Hlutverk og samfélagsábyrgð fyrirtækis í litlu sjávarplássi – Magnús Þór Róbertsson rekstrarstjóri HB Granda

15:30-16:00 Hlé

16:00-16:30 Verði ljós – Ólafur Áki Ragnarsson, sveitastjóri

16.30-17:00 Kostir þess og gallar að búa í litlu samfélagi – Hólmar Bjarki Wium Bárðarson

Fundarstjóri: Sigríður Bragadóttir

Alls mættu um 30 manns á þingið og var góður rómur gerður að innleggi fyrirlesara. Gaman var að hlusta á Magnús Þór, rekstrarstjóra HB Granda, segja frá hlutverki svo stórs fyrirtækis innan lítils samfélags. Einnig sagði Ólafur Áki, sveitarstjóri, frá þeim áskorunum sem mæta sveitarstjóra samfélags á borð við Vopnafjörð. Hólmar Bjarki ræddi um kosti og galla þess að búa í litlu samfélagi og voru greinilega kostirnir fleiri en gallarnir.

Var öllum síðan boðið upp á kaffi og sveitarstjóri bauð Vitafélagsfólki í skoðunarferð um nágrennið.

Norrænt samstarf

Stærsta norræna verkefnið sem unnið hefur verið af systurfélögum á árinu er að fá handverkið við smíði súðbyrðings sett á lista hjá **UNESCO yfir**

menningarerfðir mannkyns - lista yfir þýðingamikla starfshætti sem borist hafa frá kynslóð til kynslóðar -hefðir sem munu hverfa verði þeim ekki viðhaldið. Þetta er aðeins eitt slíkt verkefni en hefur sérstöðu þar sem það er samnorrænt. Mikil vinna er enn eftir - þó svo að mikið sé að baki. Auk Vitafélagsins hafa fjórir bátasmiðir og sex söfn sent stuðningsyfirlýsingu til stuðnings þessarar skráningar. Þetta eru bátasmiðirnir Jón Ragnar Daðason, Hafliði Aðalsteinsson, Birkir Þór Guðmundsson og Hjalti Hafþórsson og söfnin eru; Síldarminjasafn Íslands ses, Byggðasafn Vestfjarða, Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík, Sjóminjasafn Reykjavíkur/Borgarsögusafn, Bátasögu- og hlunnindasafnið á Reykhólum og Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði.

Þann 6. Október 2017 stóð félagið fyrir málþingi í Sjóminjasafninu í Reykjavík og kom Tore Friis-Olsen frá Förbundet Kysten til landsins og kynnti verkefnið. Tore hefur átt veg og vanda að utanumhaldi þessarrar vinnu var góður rómur gerður að máli hans. Ekki tókst að fá ráðherra, aðstoðarmann hans, ráðuneytisstjóra né deildarfulltrúa ráðuneytisins til þess að ávarpa fundinn sem annars var vel sóttur. Afar treglega hefur gengið að fá Mennta- og menningarráðuneytið til að spýta í lófana og enn hefur ekki verið tekin ákvörðun þar á bæ um það hvernig staðið skuli að skráningu menningarerfða á Íslandi, né hvar sú skráning skuli vistuð. Vitafélagið, ásamt Samtökum sjóminjasafna, Þjóðlist og Minjastofnun hefur óskað eftir viðtali við ráðherra vegna málsins og bíður nú svara.

Norræna strandmenningarhátíðin 2018.

Norræna strandmenningarhátíðin verður haldin á Siglufirði dagana 4-8 júlí n.k. og hefur mikil vinna farið í undirbúning hennar, sem gengur bærilega sem og að afla henni fjár. Hátíðin hlaut eina milljón í styrk úr Fullveldissjóði til hátíðarhaldanna og þar með er hún orðin hluti af fullveldishátíðinni. Einstök saga síldveiða á Siglufirði gerir það að verkum að það verður einstaklega skemmtilegt að halda hátíðna þar. Á Siglufirði eiga allar norrænu þjóðirnar sín spor frá tímum síldveiða. Norðmenn voru hvað atkvæðamestir og reistu þar bæði verksmiðju og Roaldsbrakka. Sænski markaðurinn var lengi sá mikilvægasti fyrir íslensku saltsíldina og Abba síldin var jafn vinsæl í Svíþjóð og hljómsveitin Abba varð síðarmeir. Síldveiðar Dana og Færeyinga voru umtalsverðar og um götur Siglufjarðar örkuðu Finnar með hníf við belti. Auk þessa fagna Siglufirðingar tvöföldu afmæli, 200 ára verslunarsögu og 100 ára kaupstaðarafmæli og svo íslenska þjóðin sínu 100 ára sjálfstæði. Á sama tíma verður þjóðlagahátíðin haldin og dag hvern tekur dagskrá hennar við þegar strandmenningardagská lýkur. Undirbúningur að hátíðinni hefur einkum verið í höndum Anítu Elefsen frá Síldarminjasafninu, Lindu Leu Bogadóttur af hálfu Fjallabyggðar og Sigurbjargar Árnadóttur af hálfu Vitafélagsins.

Það vill einnig svo skemmtilega til að árið 2018 hefur verið útnefnt „Evrópska menningararfsárið“ af Evrópuráðinu og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Minjastofnun Íslands að sjá um

skipulagningu menningararfsársins og hefur stofnunin ákveðið að hafa „strandmenningu“ sem þema ársins á Íslandi. Vitafélagið – íslensk strandmenning fagnar því að þessi mikilvægi hornsteinn íslenskrar menningar fái þá athygli og virðingu sem hann á skilið.

Útgáfa og vefupplýsingar

Fréttabréf Vitafélagsins. Að venju gaf Vitafélagið út tvö blöð af Fréttabréfinu á árinu. Eins og áður er það prentað og styrkt af Prentsmiðju GuðjónsÓ. Haustblaðinu fylgdi dagskrá vetrarins en vorblaðinu fylgdi aðalfundarboð og reikningur fyrir árgjaldi. Vorblaðið er tvöfalt að stærð og þar er m.a. að finna drög að dagskrá norrænu strömmenningarhátíðarinnar á Siglufirði. Félagið endurgerði einnig kynningabækling um félagið á þremur tungumálum, þannig að nú eigum við eitthvað haldbært til að kynna félagið á heimsvísu. Félagið stóð einnig að gerð bæklinga um smíði súðbyrðings ásamt systurfélögnum á Norðurlöndunum og var hann gefinn út á átta tungumálum.

Vefurinn

www.vitafelagid.com Er á sínum stað en formaður verður að taka á sig þá sök að hafa enn ekki klárað tiltektina þar. Þó er dagskrána á Siglufirði að finna á vefnum og þegar leitað er að henni á samnorræna vefnum þá kemur upp heimasíða Vitafélagsins.

Facebook. Félagið notar Facebook einkum til að auglýsa viðburði og enn fjölgar fésbókarvinum þess.

Umsóknir um styrki til starfseminnar

Að venju hefur félagið sótt umstyrki til starfseminnar. HB Grandi sá um að unnt væri að halda greiða fyrir húsnæði vegna fyrirlestra og að venju eigum við prentsmiðju GuðjónsÓ að þakka að geta gefið út blöð félagsins. Vonum framfar gengur að fjármagna hátíðina á Siglufirði sem er fjárfrek, en styrkir úr Fullveldissjóði, Eyþingi, frá A.P. Möller og úr norrænum sjóðum hafa orðið til þess að af verður. Enn á félagið úti styrkumsóknir sem enn hefur ekki verið svarað.

Búið er að stofna félag til að halda utanum hátíðarhöldin á Siglufirði og verða allir styrkir færðir yfir til þess félags en aðild að því eiga auk Vitafélagsins, Síldarminjasafnið og Fjallabyggð. Síldarminjasafnið fékk 1,5 milljón frá Eyþingi til hátíðarhaldanna en áður hafði safnið ákveðið að leggja fram 1,5 milljón og Fjallabyggð hækkaði sitt framlag úr 1,5 milljón í 5 milljónir. Öll aðstöðugjöld fyrir skip og báta verða felld niður og Fjallabyggð leggur til aðstöðu í skólum, íþróttahúsi og gístiaðstöðu á Hóli fyrir hátíðina.

Eins og áður er það ógerningur að hafa tölu á öllum þeim vinnustundum sem unnar hafa verið á vegum félagsins á liðnu ári bæði af hálfu stjórnarmanna og öðrum. Allt er þetta gert í sjálfböðavinnu og svo er einnig með þá tugi fyrirlestra

sem haldnir hafa verið á vegum félagsins í gegnum tíðina.

Að lokum vil ég þakka bæði stjórnarmönnum, öllum fyrirlesurum sem lagt hafa okkur lið, gestum sem sótt hafa þessar samkomur okkar og öllum öðrum sem lagt hafa hönd á plóg fyrir frábært samstarf. Ég vona að sumarið fari um ykkur mjúkum höndum og hlakka til að sjá ykkur öll á Siglufirði í júlí.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður